

52. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund miðvikudaginn 1. mars 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru Sigrún Ársælsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Laufey Hjaltalín, Guðrún A. Gunnarsdóttir og Sigurlína Sigurbjörnsdóttir. Gestir fundarins voru Steinþór Sigurðsson, Róbert Jørgensen, Sr. Petra og Sr. Czeslowja.

Formaður, Guðrún A. Gunnarsdóttir, setti fund og bauð gesti velkomna.

1. Sýningin Systurnar í Hólminum: 70 ára starf.
Steinþór lagði fram teikningu af væntanlegri sýningu og skýringar með. Hann lýsti síðan hugmyndum sínum um sýninguna, sem fyrirhugað er að halda í salnum á Skólastíg 11. Einnig rætt um hvernig sýningarskráin ætti að verða. Rætt um opnun sýningarinnar, tímasetningu o.fl.

Gestir fóru af fundinum kl. 18:00.

Nefndarmenn skiptu með sér verkum og ræddu undirbúning nánar.

2. Flutningur bókasafnsins.
Nefnd var skipuð til að velja framtíðarhúsnaði fyrir bókasafn. Tvær tillögur komu frá nefndinni og var sá kostur valinn að bókasafn fari til bráðabirgða í Hafnargötu 7 (Skipavíkúrhús) til tveggja ára. Síðan verði framtíðarhúsnaði byggt og verði það tilbúið eftir tvö ár. Nefndarmenn skiptust á skoðunum um þessi mál.

Fundi slitið kl. 19:30.

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.),
Magnús A. Sigurðsson (sign.),
Sigrún Ársælsdóttir (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.).

Íhs.